

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Endurskoðað deiliskipulag frístundabyggðar í landi Bergsstaða, lnr. 189401.*  
Í deiliskipulaginu felst að afmarkað er svæði um landsspildu, lnr. 189401, þar sem gert er ráð fyrir fjórum lóðum undir frístundahús. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt frístundahús ásamt allt að 25 m<sup>2</sup> aukahúsi. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2013.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar við Efra-Berg í landi Bergsstaða, lnr. 167202.*  
Í deiliskipulaginu felst að afmarkað er svæði um landsspildu, lnr. 167202, þar sem gert er ráð fyrir fjórum frístundahúsalóðum auk þess sem lóð er afmörkuð utan um eldra frístundahús. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt frístundahús ásamt allt að 25 m<sup>2</sup> aukahúsi. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2013.
3. *Deiliskipulag á friðlandi við Gullfoss.*  
Deiliskipulagið tekur til friðlands við Gullfoss og nánasta umhverfis þess auk verslunar- og þjónustusvæðis í landi Brattholts þar sem markmiðið er að tryggja verndun friðlýsta svæðisins með uppbyggingu mannvirkja sem falla vel að ásýnd umhverfisins og auðvelda gestum aðgengi að svæðinu. Skipulagið nær til uppbyggingar stígakerfis svæðisins, útsýnisstaða, aðkomuleiða og bílastæða auk mannvirkja á verslunar- og þjónustusvæði.  
Samþykkt í sveitarstjórn 12. júní 2014.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Reykja.*  
Í breytingunni felst að þakhalli skal vera á bilinu 0-45° í stað 15-45°.  
Samþykkt í byggðarráði 27. júní 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 5. ágúst 2014.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**